



Opinn fundur fyrir nemendur með stjórnendum skólans og stjórnendum NFFG haldinn miðvikudaginn 18. febrúar 2015 kl. 10:25-11:10 í Urðarbrunni.

Kristinn Þorsteinsson, (K.Þ.), skólameistari, setti fundinn og bauð nemendur velkomna. Nefndi úrbætur sem hafa verið gerðar frá síðasta opna fundi, m.a. er búið að stilla opna netið í skólanum upp á nýtt og þar með bæta aðgengi.

Tinna Arnardóttir og Fríða Gyldadóttir í Imbrunefnd kynntu Imbruna og sýndu kynningarmyndband. Allir nemendur eiga að velja sér þrjá atburði og þemað í ár verður tímabilið 1960–1970 í takt við söngleikinn. Þær kynntu einnig nýtt App sem nemendur geta notað til að skrá sig á Imbruviðburði. Fyrir suma viðburði þarf að greiða og er það gert á skrifstofu skólans.

Formaður leikfélagsins sýndi stutt kynningarmyndband um fyrirhugaðan söngleik: Yfir alheiminn (Across the Universe). Frumsýning verður 25. feb. kl.12.

NFFG sýndi kynningarmyndband um árshátíðina og kynnti nýtt miðasölukerfi sem gerir nemendum kleift að kaupa miða á netinu. Ekki verða prentaðir miðar heldur munu nemendur fá sendan kóða sem þeir framvísa við innganginn. Nemendur hvattir til að vera snemma í því að kaupa miða í matinn á árshátíðinni þar sem færri komast að en vilja. Miðasala fyrir þá sem eru ekki í NFFG hefst á föstudag 20. feb.

K.Þ. – Komið að spurningum úr sal.

F.sp. – Hvar verður maturinn og hverjir sjá um hann?

NFFG – Í Urðarbrunni og Kokkarnir sjá um matinn.

F.sp. – Verður maturinn bara fyrir NFFG og hvað má bjóða mörgum gestum?

NFFG – Já og það má bjóða 2 gestum á hvern nemanda.

NFFG – Það verður ekki Gillari á Imbrunni nema í samráði við lögregluna.

F.sp. – Er búið að uppfæra hjólaskýlið í reykskýli?

K.Þ. – Nei og nemendur eru hvattir til að virða reglur um bann við reykingum í skólanum og á lóð skólans.

F.sp. – Mikil ólykt ennþá á karlklósettunum niðri og bagg í vöskunum, á að gera eitthvað í því?

K.Þ. – Það á að bæta loftræstingu og hugsanlega koma fyrir sjálfvirkum hreinsibúnaði í salernisskálar. Nemendur beðnir um að skilja ekki eftir bagg í vöskum.

F.sp. – Mætti lengja hádegishléið með því að taka af öðrum frímínútum?

K.Þ. – Það er erfitt að lengja hádegið nema að lengja skóladaginn í heild. Munum samt skoða málið.

F.sp. – Mikið að fá ½ fj.v.stig fyrir að koma kannski 2 mín. of seint og líka ef nemandi kemur 20 mín. of seint.

K.Þ. – FG er með stíft mætingarkerfi, viljum að nemendur mæti á réttum tíma.



K.Þ. – Já, ef viðkomandi stenst þær mætingakröfur sem gerðar eru til að fá einingu.

F.sp. – Hvað með reglu um það sem tekið er af nemendum á böllum?

NFFG – Nemendur eiga rétt á að fá allt tilbaka sem er tekið af þeim.

Takk fyrir þátttökuna, fundi slitið en í lokin var sýnt stutt myndbrot af æfingu söngleiksins.

Ritari :

Snjólaug E. Bjarnadóttir, áfangastjóri